

28. ágúst 2014 | Aðsent efni | 639 orð | 1 mynd

## Embættismaður fer að lögum

Eftir Ragnar Aðalsteinsson


Eftir Ragnar Aðalsteinsson: "Ávirðingar Jóns Steinars Gunnlaugssonar í garð umboðsmanns Alþingis eru örökstuddar og ómálefnalegar staðhæfingar."

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður ritaði grein í Morgunblaðið hinn 8. ágúst 2014 undir fyrirsögninni „Embættismaður fer offari“. Tilefni greinarinnar er fyrirspurnarbréf frá umboðsmanni Alþingis til innanríkisráðherra vegna minnisblaðs ráðuneytisins, sem inniheldur viðkvæmar persónuupplýsingar úr gögnum ráðuneytisins. Upplýsingarnar birtust í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Lögmaðurinn segir að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra hafi mátt sæta óhæfilegum árásum vegna málsins. Komi hugtakið einelti upp í hugann. Lögmaðurinn segir að umboðsmaður Alþingis hafi gerst liðsmaður í flokki ófagnaðarmanna með „þessu nýjasta útspili sínu“ og á þá við fyrirspurnarbréfið. Lögmaðurinn segir að fremstir í flokki ófagnaðarmanna hafi verið „óvandaðir blaðamenn og pólitískir andstæðingar ráðherrans tónað undir.“ Það sé eins og embættismaðurinn vilji koma höggi á ráðherrann. Ennfremur að umboðsmaður muni „búa sér til mál á hendur ráðherranum úr þeim efnivið sem hann telur sig hafa.“ Þá segir lögmaðurinn að svör ráðherrans og skýringar skipti umboðsmann engu máli. Þær ávirðingar, sem lögmaðurinn ber á umboðsmann Alþingis, Tryggva Gunnarsson, eru afar alvarlegar og gætu hver um sig leitt til embættismissis ef sannar væru og jafnvel til refsingar. Sá lögmaður, að ég tali nú ekki um fyrrverandi hæstaréttardómara og lagaprófessor, sem ber svo alvarlegar ávirðingar á eitt mikilvægasta embætti landsins, sem kosið er í af Alþingi, hlýtur að búa yfir sönnunum um ávirðingarnar og geta rökstutt þær með málefnalegum hætti. Svo er ekki. Greinarhöfundur býr ekki yfir neinu öðru en getunni til að kasta fram örökstuddum staðhæfingum um það sem hann segir vera yfirsjónir og meingerðir umboðsmanns í garð ráðherra innanríkismála. Lögmaðurinn gerir umboðsmanni upp illan hug í garð ráðherrans og notar orð eins og einelti, að fara offari, liðsmaður ófagnaðarmanna, búa til mál á hendur ráðherranum, láta svör og skýringar engu máli skipta og pólitískan hráskinnaleik. Þessi orðræða lögmansins er afar huglæg og einhliða og hún einkennist ekki af þeirri hlutlægni og jafnaðargeði, sem ætla má að menn tileinki sér með aldrinum. Ávirðingarnar eru hvorki rökstuddar né studdar gögnum.

Eftir að grein Jóns Steinars birtist í Morgunblaðinu hefur verið upplýst að lögmaðurinn er og var ráðgjafi ráðherrans í því máli sem umboðsmaður tók til athugunar. Lesendur Morgunblaðsins áttu rétt á að vita að lögmaðurinn væri lögmaður ráðherrans þannig að þeir gerðu sér grein fyrir að um einhliða og hlutdrægan málflutning fyrir ráðherrann væri að ræða en ekki hlutlægt og málefnalegt framlag fyrrverandi dómara og lagaprófessors.

Þá láðist greinarhöfundur að gera grein fyrir ákvæðum laga um umboðsmann Alþingis, svo sem um að umboðsmaður fari í umboði Alþingis með eftirlit með stjórnvöldum ríkisins og tryggi rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Hann eigi að gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnvöldum og að hún fari fram í samræmi við lög, vandaða stjórnvölduhætti og siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Til að sinna hlutverki sínu geti umboðsmaður að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar. Af þessum lagaákvæðum leiðir að umboðsmaður fór að lögum við framkvæmd starfs síns er hann tók að eigin frumkvæði umrætt mál til meðferðar, svo sem áður hefur gerst. Í fyrirspurnarbréfum umboðsmanns til innanríkisráðherra er ekkert sem gefur til kynna fyrirfram gefna afstöðu, enda er slíkum fyrirspurnum og rannsóknum ekki síður ætlað að upplýsa hvort aðdróttanir um spillta embættisfærslu eigi við rök að styðjast eða séu rangar, enda eiga borgararnir rétt á vitneskju um það.

Að lokum leyfir lögmaðurinn sér að gera látnum heiðursmanni, Gauki Jörundssyni, upp skoðanir á embættisfærslu Tryggva Gunnarssonar. Ég ætla að Tryggvi Gunnarsson hafi á margan hátt tekið fyrsta umboðsmanninn sér til fyrirmyndar, enda var



Ragnar Aðalsteinsson

Gaukur lærifaðir Tryggva. Ég tel mig í aðstöðu til þess að halda því fram eftir að hafa rekið mál fyrir umboðsmannsembættinu frá stofnun þess, að Tryggvi Gunnarsson hafi ekki síður en fyrirrennari hans aflað því æ almennari virðingar.

Þess skal getið að lögmannsstofan Réttur, þar sem ég starfa, gætir hagsmuna eins þeirra útlendinga sem nefndir eru í umræddu minnisblaði.

*Höfundur er lögmaður í Reykjavík.*